



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Bæjarráð
Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRÐUR

Ísafjörður, 30. maí 2018
2017100008 BBJ

Efni: Malbikun gatna 2018.

Priðjudaginn 15. maí 2018 voru opnuð tilboð í verkið „Malbikun gatna“. Verkefnið er sameiginlegt útboð Vegagerðarinnar, Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar. Meðfylgjandi er verksamningur, samanburður tilboða og tilboð lögstjóðanda.

Heildar fjárhæð sammings skv. tilboðsskrá er kr. 238.463.713,- hlutur Ísafjarðarbæjar er kr. 71.304.437,-. Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar árið 2018 gerir ráð fyrir kr. 30.000.000,- til malbikunarframkvæmd og kr. 6.500.000,- til malbikunar Urðarvegsbrekku. Í fjögurra ára fjárfestingaáætlun er gert ráð fyrir kr. 30.000.000,- árið 2019. Í útboðsgögnum er tekið fram að Ísafjarðarbær geri ráð fyrir að dreifa kostnaði milli áráanna 2018 og 2019, seinni helmingur framkvæmda kr. 30.000.000,- komi til greiðslu í janúar 2019.

Í útboðinu var einnig boðnar út viðgerðir á malbiki á Eyrargötu og Norðurvegi Ísafirði og Hafnarstræti Flateyri. Kostnaður við viðgerðir á Eyrargötu og Norðurvegi er skv. tilboði kr. 2.788.375,- kostnaðurinn er tilkominn vegna viðgerða á fráveitulögnum og er gert ráð fyrir í rekstri fráveitu. Kostnaður við viðgerðir á Hafnarstræti Flateyri er skv. tilboði kr. 1.122.000,- kostnaðurinn er tilkominn vegna viðgerða á vatnsveitu og er gert ráð fyrir í rekstri vatnsveitu.

Undirritaður leggur til að samið verði við lögstjóðanda og umframkostnaður kr. 900.000,- tekið af ófyrirséðum kostnaði sem lækkar þá úr kr. 28.400.000,- í kr. 27.500.000,-. Til greiðslu árið 2018 komi þá allur kostnaður að undanskildum kr. 30.000.000,- sem greiðast í janúar 2019.

Virðingarfyllst,


Brynjar Þórisson

- sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs -